

Elíasdóttur frá 24. febrúar 1986 er varðar réttindi yfir jörðinni Neðri-Rauðsdal í Barðastrandarhreppi verði afmáð úr fasteignabók Barðastrandarsýslu, er tekin til greina.

Varnaraðilar greiði sóknaraðila 7.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. október 1986.

Nr. 170/1986. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Unnsteini Óskari Guðmundssyni

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Þjófnaður. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi í máli þessu var að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 17. apríl 1986. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 8. september 1986. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu ákærvalds og ákærða, að skaðabótaákvæði héraðsdóms væru ekki til endurskoðunar. Koma þau því ekki til álita, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Fallast ber á með héraðsdómara að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem hann er borinn í ákæru að öðru leyti en því, að ósannað er, að ákærði hafi stolið meiru en 7.500,00 krónum í heilsugæslustöðinni.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi og skal hún vera skilorðsbundin og falla niður að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms að því er varðar greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð 10.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 10.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Unnsteinn Óskar Guðmundsson, sæti fangelsi í tvo mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms að því er varðar sakarkostnað ákærða eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 10.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Baldurs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Njarðvíkur 3. nóvember 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 3. nóvember er á dómþingi sakadóms Njarðvíkur af Inga H. Sigurðssyni fulltrúa kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1287/1982: Ákærvaldið gegn Unnsteini Óskari Guðmundssyni.

Mál þetta, sem þingfest var þ. 23.8. 1982 og dómtekið þ. 13.10. sl., hefur rikissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæruskjali dagsettu 8. júlí 1982 á hendur „Unnsteini Óskari Guðmundssyni sjómanni, Sjávargötu 26 í Njarðvík, fæddum 18. júlí 1963 í Reykjavík, fyrir eftirtalin þjófnaðarbrott í Bolungarvík:

1. Aðfaranótt sunnudagsins 13. desember 1981 brotist inn í Trésmiðjuna Þrótt hf. og stolið reiknivél.

2. Þessa sömu nótt brotist inn í heilsugæslustöðina og stolið 8.800,00 krónum.

Telst þetta hvort tveggja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls kostnaðar.“

Mánudaginn 14.12. 1981 var lögreglunni í Bolungarvík tilkynnt um tvö innbrot er framin höfðu verið þá um helgina í plássinu. Brotist hafði verið inn í Heilsugæslustöð Bolungarvíkur við Höfðastíg. Úr skúffu í apóteki, sem þar er til húsa, höfðu verið teknir peningar, að því er talið var 9 - 10 þúsund krónur. Einnig var brotist inn í Trésmiðjuna Þrótt hf. við Hafnargötu í Bolungarvík og þaðan stolið reiknitölvu.

Ákærði og bróðir hans Þórður Einar Guðmundsson voru yfirheyrðir af lögreglu. Neituðu þeir báðir að hafa átt þátt í innbrotum þessum.

26. febrúar 1982 gaf Þórður Einar Guðmundsson skýrslu hjá lögreglunni í Bolungarvík, þar sem hann greindi frá því að sunnudaginn eftir að umrædd innbrot höfðu átt sér stað hefði ákærði tjáð sér að hann hefði brotist inn í trésmiðaverkstæði Þróttar og einnig í heilsugæslustöðina, aðfaranótt sunnudagsins 13. desember. Ákærði hefði tjáð sér að hann hefði tekið u.þ.b. 7.300,00 kr. í apótekinu en reiknitölvu í Þróttarhúsinu.

Sama dag var ákærði færður til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Keflavík. Í fyrstu neitaði hann alfarið sakargiftum en viðurkenndi síðar að hafa brotist inn í báða þá staði er um ræðir.

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa í umrætt sinn brotist inn í Trésmiðjuna Þrótt í Bolungarvík með því að skrúfa í sundur læsingu á glugga trésmiðjunnar sem hann síðar skreidd inn um. Hann kvaðst hafa tekið litla reiknivél í trésmiðjunni en hent henni síðar í sorptunnu við húsið nr. 10 við Bakkastíg þar í bæ. Í framhaldi af þessu innbroti hafi hann brotist inn í heilsugæslustöðina með því að spenna upp glugga sem hann skreidd inn um og farið inn í apótekið sem þar er til húsa. Í apótekinu hafi hann spennt upp peningakassa, en ekkert férmætt hafi verið í kassanum. Í ólæstri skúffu í apótekinu hafi hann tekið kr. 7.500,00 sem hann hafði á brott með sér.

Árið 1979 var ákærði uppvís að broti gegn 244. gr. almennra hegningarlaga og ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 5.10. 1979.

Með viðurkenningu ákærða þykir sannað að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem hann er borinn í ákæru og varðar hún við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Eftirfarandi skaðabótakröfur hafa verið gerðar á hendur ákærða:

1. Sigurður E. Hannesson f.h. Trésmiðjunnar Þróttar kr. 700,00 (Krafa gerð 17. mars 1982.).

2. Hrafnkell Stefánsson f.h. útibús Ísafjarðarapóteks í Bolungarvík kr. 14.274,80. (Krafa gerð 12. maí 1982.).

Ákærði hefur samþykkt ofangreindar skaðabótarkröfur að öðru leyti en því, að eins og að framan er rakið hefur hann einungis viðurkennt að hafa tekið kr. 7.500,00 í apótekinu og verður sú fjárhæð hér lögð til grundvallar skaðabótunum.

Samkvæmt þessu ber að dæma ákærða til greiðslu kr. 700,00 samkvæmt lið 1. Samkvæmt lið 2 ber að dæma ákærða til greiðslu kr. 12.974,80 með 34% ársvöxtum frá 12.5. 1982 til 1.11. s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21.9. 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10. s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með vöxtum eins og þeir verða á hverjum tíma af almennum sparisjóðsbókum til greiðsludags.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar máls þessa skv. 1. mgr. 141. gr. nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Unnsteinn Óskar Guðmundsson, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði greiði Sigurði E. Hannessyni f.h. Trésmiðjunnar Þróttar í Bolungarvík kr. 700,00.

Ákærði greiði Hrafnkeli Stefánssyni, f.h. Ísafjarðarapóteks kr. 12.974,80 með 34% ársvöxtum frá 12.5. 1982 til 1.11. s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21.9. 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10. s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með vöxtum eins og þeir verða á hverjum tíma af almennum sparisjóðsbókum til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.
